

Fundargerð safnsráðs Listasafnsins á Akureyri

23. fundur.

Miðvikudaginn 19. febrúar 2020 kl. 11:00 í Listasafninu.

Mætt: Aðalsteinn Þórsson, Hilda Jana Gísladóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir, Haraldur Ingi Haraldsson, áheyrnarfulltrúi starfsmanna og Hlynur Hallsson, safnstjóri.

1. Umsýsla með listaverk Akureyrarbæjar. Lagt til að gerðar verði verklagsreglur fyrir umsjón með listaverkum Akureyrarbæjar sem eru víða í stofnunum bæjarins svo að hægt verði að hafa yfirlit og eftirlit með verkunum og að greiddur verði umsýslukostnaður til Listasafnsins fyrir umsjón með verkunum.
2. Erindi frá Arion banka um gjöf á fjórum verkum eftir Einar Jónsson frá Fossi, Sigtrygg Júlíusson og tvö verk eftir Óla G. Jóhannsson. Samþykkt að þiggja verkin og safnráð þakkar kærlega fyrir gjöfina.
3. Erindi um gjöf á útilistaverki „*Teningnum kastað*“ eftir Jóhann Ingimarsson, Nóa, frá Guðrúnu Björgu Jóhannsdóttur. Verkið er boðið að gjöf án nokkurra skilyrða eða kvaða. Listasafnsráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti en minnir á mikilvægi þess að útilistaverkum í eigu Akureyrarbæjar sé viðhaldið í samræmi gildandi viðhaldslista.
4. Erindi um flutning á útilistaverkinu „*Harpa bænarinnar*“ eftir Ásmund Sveinsson frá Hamarskotstúni að Akureyrarkirkju. Umhverfis- og mannvirkjasvið greiðir fyrir flutninginn. Listasafnsráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti og fagnar því að „*Harpa bænarinnar*“ fái notið sín í alfaraleið.
5. Farið yfir dagskrá safnsins fyrir 2020 og drög að sýningum 2021 og 2022.
6. Haraldur Ingi las upp erindi frá starfsfólki og listasafnsráð óskar eftir því að erindið verði sent til stjórnar.
7. Listasafnsráð felur safnstjóra að undirbúa viðræður um menningarsamning í samstarfi við bæjarstjóra við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Listasafnið hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem kjölfesta myndlistar á Norðurlandi eystra.
8. Listasafnsráð telur afar mikilvægt að listnám á háskólastigi á Akureyri verði að veruleika hið allra fyrsta. Ráðið skorar á Háskólann á Akureyri með tryggri fjármögnun frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu að koma slíku námi á fót sem allra fyrst.

Ákveðið að næsti fundur safnsráðs verði miðvikudaginn 13. maí 2020 kl. 11.

Fundi slitið kl. 13:00